



**FUNDARGERÐ**  
**36. fundur Odda bs**  
**haldinn í gegnum Teams fjarfund , 23. febrúar 2021**  
**og hófst hann kl. 08:15.**

**Fundinn sátu:**

Haraldur Eiríksson, Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Ásta Berghildur Ólafsdóttir, Ágúst Sigurðsson, Elín Grétarsdóttir og Valtýr Valtýsson.

**Fundargerð ritaði:** Ágúst Sigurðsson, sveitarstjóri.

**Dagskrá:**

**1. Rekstraryfirlit Odda bs 2021 - 2101034**

*Yfirlit um rekstur janúar 2021*

Lagt fram og kynnt yfirlit um rekstur það sem af er ári.

**2. Átak til eflingar leikskólastigsins - 1601023**

*Mat á árangri*

Lögð fram samantekt um átakið sem sett var af stað haustið 2016 til að efla mannauð leikskólastigsins. Megináherslan var lögð á fjölgun fagmenntaðra með hvatningu og stuðningi til náms og bættum starfskjörum. Meðal annars voru samþykktar reglur um styrki til nema í leikskólakennarafræðum og undirbúningstímum var fjölgað. Samþykkt var að átakið stæði til 1. júní 2021 og því er komið að því að meta hvernig til hefur tekist og ákveða með framhaldið. Á tímabilinu hafa alls 19 starfsmenn leikskólanna sótt um að nýta nemendastyrki um skemmri eða lengri tíma. Af þessum hafa 2 lokið B.Ed. námi og 2 M.Ed. námi og leikskólaliðarnir eru 3. Að því er best er vitað hafa 3 hætt en aðrir eru skráðir til náms og mislangt komnir. Hlutfall faglærðra sveiflast nokkuð eftir árum en hefur þó heldur hækkað yfir tímabilið. Þannig eru nú um 35% stöðugilda við leikskóla Odda bs mönnuð fólki með háskólapróf í leikskólakennarafræðum eða öðrum uppeldisfræðum. Þetta hlutfall var 15% árið 2017. Landsmeðaltal hefur lítið breyst yfir þetta tímabil og er um 46%.

Ás falið að taka saman frekari gögn um málið og leggja fram á næsta fundi þannig að hægt sé að taka ákvörðun um áframhald verkefnisins.

Samþykkt samhljóða.

**3. Ytra mat leikskóla Odda bs 2021 - 1909071**

*Til afgreiðslu*

Fyrir liggur að Menntamálastofnun er tilbúin að standa að ytra mati á báðum leikskólum Odda bs. nú í vor í samvinnu við Odda bs. Áætlaður kostnaður sem myndi

falla á Odda bs. er 1 m. kr. Reiknað er með að sá kostnaður rúmist innan sameiginlegs kostnaðar í fjárhagsáætlun Odda bs.

Tillaga um að fela ÁS að semja um verkefnið á fyrrgreindum forsendum.

Samþykkt samhljóða.

#### **4. Nýr skólastjóri Laugalandsskóla - 2101033**

*Auglýsing*

Farið yfir tillögu að auglýsingu og samþykkt samhljóða að fela ÁS að koma auglýsingunni með smávægilegum breytingum í birtingu.

#### **5. Rafræni háskóladagurinn - 2102034**

*Upplýsingar frá Háskóla Íslands um rafræna háskóladaginn og leikskóli og fjölmennung.*

Lagt fram til kynningar.

Fundargerð yfirlésinn og staðfest að fundi loknum í gegnum SIGNET.IS

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 09:30.**

---

Haraldur Eiríksson

---

Margrét Harpa Guðsteinsdóttir

---

Ásta Berghildur Ólafsdóttir

---

Ágúst Sigurðsson

---

Elín Grétarsdóttir

---

Valtýr Valtýsson

---

# Undirritunarsíða

Haraldur Eiríksson

Ásta Berghildur Ólafsdóttir

Margrét Harpa Guðsteinsdóttir

Elín Grétarsdóttir

Ágúst Sigurðsson

Valtýr Valtýsson